

Hagnaður 476 milljónir króna á 1. ársfjórðungi 2022
Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 5.734 millj. kr. Framlegðarstig nam 23,3% og lækkar um 1,3 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 1.749 millj. kr. samanborið við 1.505 millj. kr. á 1F 2021, sem jafngildir 16,2% hækkun milli ára.
- Hækkun hrávöruverðs í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og aukin verðbólga áhyggjuefni.
- Eigið fé í lok 1F 2022 nam 31.879 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 36,6% samanborið við 39,4% í lok árs 2021.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru 25.035 millj. kr. í lok 1F 2022 samanborið við 23.309 millj. kr. í lok árs 2021.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2022 er hækkuð um 400 millj. kr. og er nú 9.400 - 9.800 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Vöru- og þjónustusala	24.572	20.917	3.654	17,5%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	5.734	5.144	590	11,5%
Aðrar rekstrartekjur	431	455	-24	-5,3%
EBITDA	1.749	1.505	244	16,2%
EBIT	951	712	239	33,6%
EBT	572	352	220	62,5%
Hagnaður tímabilsins	476	289	186	64,4%
Efnahagsreikningur	31.3.2022	31.12.2021	Breyt.	% Breyt.
Birgðir	9.515	9.545	-30	-0,3%
Viðskiptakröfur	6.370	4.757	1.613	33,9%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	27.688	27.312	376	1,4%
Handbært fé	2.653	4.003	-1.350	-33,7%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	25.035	23.309	1.726	7,4%
Sjóðstreymi	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	983	391	592	151,4%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.617	-387	-1.231	318,4%
Fjármögnunarhreyfingar	-682	-117	-565	481,2%
Handbært fé í lok tímabils	2.653	2.463	190	7,7%
Lykiltölur				
Framlegð af vörusölu	23,3%	24,6%	-1,3%	-5,1%
EBITDA/framlegð	30,5%	29,3%	1,2%	4,3%
Eiginfjárhlutfall	36,6%	39,4%	-2,8%	-7,2%
Laun/framlegð	52,4%	54,8%	-2,4%	-4,3%
Fjárfestingar	1.900	451	1.449	321,1%
Veltuhraði birgða	8,3	7,6	0,7	8,6%

Rekstur fyrsta ársfjórðungs 2022

Rekstur félagsins gekk betur á fyrsta ársfjórðungi en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áhrif COVID-19 voru mun minni á rekstur fjórðungsins en á sama tíma árið áður. Kostnaðarverð seldra vara og vörusala hækkaði umtalsvert með hækkun hrávöruverða í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu sem lækkaði framlegðarstig milli ára. Rekstrarafkoma Krónunnar og ELKO var svipuð og árið áður en N1 skilaði um 200 millj. kr. betri afkomu. EBITDA félagsins var 1.749 millj. kr. sem er 244 millj. kr. betri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 24.572 millj. kr. sem er um 17,5% aukning milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 12.399 millj. kr. sem er aukning um 1,3% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu jukust um 2.866 millj. kr. milli ára eða 69%.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 1.708 millj. kr. sem er aukning um 33,5% milli ára.

Milljónir króna	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala				
Dagvörur	12.399	12.242	157	1,3%
Eldsneyti og rafmagn	7.067	4.180	2.886	69,0%
Raftæki	3.397	3.215	182	5,7%
Aðrar vörur og þjónusta	1.708	1.279	429	33,5%
Samtals vöru- og þjónustusala	24.572	20.917	3.654	17,5%
Aðrar rekstrartekjur	431	455	-24	-5,3%
Tekjur samtals	25.002	21.372	3.630	17,0%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 1,3% milli ára en verslunum Krónunnar fækkaði um tvær frá fyrra ári eftir sölu þeirra um mitt síðasta ár. Tekjur af eldsneyti og rafmagni hækkuðu um 69% milli ára en gríðarleg hækking á heimsmarkaðsverði eldsneytis var á milli fjórðunga eða á bilinu 65-85% milli vörutegunda. Selt magn nam um 47 millj. lítra og jókst um 43,7% milli ára vegna aukinna umsvifa tengt loðnuvertíð og afléttingu samkomutakmarkana. Tekjur af raftækjasölu jukust um 5,7% og tekjur af öðrum vörum og þjónustu um 33,5% milli ára en mikil söluaukning í efnavörum, hólborðum og veitingum er milli ára.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 5.734 millj. kr. sem er 11,5% aukning milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 2.879 millj. kr. sem er aukning um 2,1% milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.274 millj. kr. sem er aukning um 33,5% milli ára. Framlegðarstig lækkar um 4,8 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 915 millj. kr. sem er aukning um 8,2% milli ára.

4. maí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2022

Milljónir króna	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu				
Dagvörur	2.879	2.819	60	2,1%
Eldsneyti og rafmagn	1.274	954	320	33,5%
Raftæki	915	845	69	8,2%
Aðrar vörur og þjónusta	666	525	141	26,9%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	5.734	5.144	590	11,5%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 5.734 millj. kr. samanborið við 5.144 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2021 sem er 11,5% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 2.879 millj. kr. sem er 2,1% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.274 millj. kr. sem er um 320 millj. kr. aukning milli ára. Hagnaður af eldsneytisvörnum nam 230 millj. kr. á fjórðungnum sem er um 192 millj. kr. aukning milli ára. Framlegðarstig lækkar úr 22,8% í 18% milli ára vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði milli ára. Framlegð af raftækjasölu var 915 millj. kr. sem er 8,2% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 666 millj. kr. sem er aukning um 26,9% milli ára.

Rekstrarkostnaður

- Rekstrarkostnaður í 1F 2022 var 4.416 millj. kr. og hækkar um 322 millj. kr. frá 1F 2021 eða um 7,9%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 189 millj. kr. milli fjórðunga eða um 6,7%.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 133 millj. kr. milli fjórðunga eða um 10,4%

Milljónir króna	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður				
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.006	2.818	189	6,7%
Annar rekstrarkostnaður				
Rekstarkostnaður fasteigna	430	377	52	13,9%
Viðhaldskostnaður	231	200	30	15,1%
Sölu og markaðskostnaður	305	262	42	16,2%
Samskiptakostnaður	198	178	20	11,2%
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	109	143	-34	-24,0%
Vátrygginga og tjónakostnaður	63	59	4	7,4%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	24	15	9	57,3%
Annar kostnaður	51	41	9	22,5%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.409	1.276	133	10,4%
Samtals rekstrarkostnaður	4.416	4.094	322	7,9%

4. maí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2022

Laun og annar starfsmannakostnaður í 1F 2022 nam 3.006 millj. kr. samanborið við 2.818 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 6,7% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.154 á fjórðungnum sem er fjölgun um 30 stöðugildi milli ára. Ein samningsbundin launahækkun tók gildi milli tímabilanna eða í janúar 2022 og hafði 84 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Starfsmannakostnaður samtals 1F 2021	2.818
Stöðugildi - breyting	74
Samningsbundnar launahækkunir	84
Orlofsskuldbinding	7
Annað	24
Starfsmannakostnaður samtals 1F 2022	3.006

Annar rekstrarkostnaður var 1.409 millj. kr. samanborið við 1.276 m.kr. á 1F 2021, sem er hækkun um 10,4% milli ára.

Fjármagnsliðir

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 379 millj. kr. á 1F 2022 samanborið við 360 millj. kr. frá árinu áður. Hækkunin er því 19 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld voru 471 millj. kr. og hækkuðu um 31 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna námu 63 millj. kr. og hækkuðu um 18 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	29	35	-6	-17,6%
Fjármagnsgjöld	-471	-440	-31	7,0%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	63	45	18	39,3%
Samtals	-379	-360	-19	5,3%

Efnahagur og fjárhagsleg staða

- Heildar eignir námu 87.093 millj. kr. í lok 1F 2022 og hafa aukist um 1.121 millj. kr. frá áramótum.
- Úthlutaður arður 1.562 millj. kr. færður til skuldar í efnahag.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 36,6% í lok 1F 2022 samanborið við 39,4% í árslok 2021.
- Handbært fé nam 2.653 millj. kr. í lok 1F 2022 sem er lækkun um 1.350 millj. kr. frá áramótum.

4. maí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2022

Milljónir króna	31.3.2022	31.12.2021	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.715	4.744	-30	-0,6%
Rekstrarfjármunir	33.237	32.544	693	2,1%
Leigueignir	6.108	6.155	-47	-0,8%
Fjárfestingarfasteignir	6.451	6.100	351	5,8%
Birgðir	9.515	9.545	-30	-0,3%
Viðskiptakröfur	6.370	4.757	1.613	33,9%
Handbært fé	2.653	4.003	-1.350	-33,7%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	27.688	27.312	376	1,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	25.035	23.309	1.726	7,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir	31.435	29.731	1.704	5,7%
Eignfjárlutfall	36,6%	39,4%	-2,8 p.p.	-7,2%
Veltuhraði vörubirgða	8,3	7,6	0,7	8,6%

Viðskiptavild nam 14.668 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.715 millj. kr. í lok 1F 2022. Rekstrarfjármunir námu 33.237 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir 6.451 millj. kr. og hækka um 1.044 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur hækka um 1.613 millj. kr. frá áramótum í takt við árstíðasveiflu.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru samtals 25.035 millj. kr. sem er hækkan um 1.726 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárlutfall félagsins var 36,6% í lok 1F 2022 samanborið við 39,4% í lok árs 2021. Úthlutaður arður að fjárhæð 1.562 millj. kr. er færður til skuldar í efnahag en hann var greiddur til hluthafa 8. apríl sl. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á 1F 2022 var 983 millj. kr. samanborið við 391 millj. kr. á 1F 2021.
- Fjárfestingahreyfingar neikvæðar um 1.617 millj. kr., aukning um 1.231 millj. kr. milli ára.
- Fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 682 millj. kr., aukning um 565 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2022	1F 2021	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé í byrjun tímabils	4.003	2.563	1.440	56,2%
Handbært fé frá rekstri	983	391	592	151,4%
Fjárfestingahreyfingar	-1.617	-387	-1.231	318,4%
Fjármögnunarhreyfingar	-682	-117	-565	481,2%
Gengismunur af handbæru fé	-34	13	-47	-358,9%
Breyting á handbæru fé	-1.350	-100	-1.250	1249,8%
Handbært fé í lok tímabils	2.653	2.463	190	7,7%

4. maí 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2022

Handbært fé frá rekstri á 1F 2022 nam 983 millj. kr. sem er hækkun um 592 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar námu 1.900 millj. kr. sem er aukning um 1.449 millj. kr. milli ára. Kaup á eigin bréfum námu um 836 millj. kr. og afborganir á vaxtaberandi lánum námu um 200 millj. kr. Handbært fé lækkaði um 1.350 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2022 og nam 2.653 millj. kr. í lok mars 2022.

Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2022

Í ljósi betri afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2022 og mati stjórnenda á horfum út árið þá er EBITDA spá félagsins hækkuð um 400 millj. kr. eða í 9.400 - 9.800 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands

Eiginfjárlutfall félagsins er 36,6% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru góðar og félagið er í vel stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 1F 2022 nam 78,9 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 1.154 í lok 1F 2022.

Kynningarfundur fimmtudaginn 5. maí 2022

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 5. maí 2022 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 - 14, 3. hæð.

Eggert Kristófersson forstjóri Festi mun kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum ásamt Magnúsi Kr. Ingasyni, fjármálastjóra. Fundurinn hefst kl. 08:30.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi:

www.festi.is/r/fjarhagsupplysingar

Fjárhagsdagatal

- Árshlutauppgjör 2F 2022: 27. júlí 2022
- Árshlutauppgjör 3F 2022: 28. október 2022
- Ársuppgjör 2022: 8. febrúar 2023
- Aðalfundur 2023: 22. mars 2023

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, fjármálastjóri (mki@festi.is).